

Ed. 771. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.

Flm.: Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 75 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Þorkötlustaðahverfis að jafni tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 75 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kann að taka í innlandri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færán.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnum jarðefni og þola þær eigna-

kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum háðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Grindavíkurhrepps.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Grindavíkurhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hrepps sjóður Grindavíkurhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytlisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjana og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Þorkötlustaðahverfis allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Þorkötlustaðahverfi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka hreppsins, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík hafa á undanförunum árum verið gerðar nokkrar lendingarbætur. Hefur verið gerð þarna bátabryggja, sett upp vélvinda til setningar á bátum o. fl. Er nú í ráði að lengja þessa bryggju verulega, og er slíkt af kunnugum talin hin mesta nauðsyn. Þá eru og uppi ráðagerðir um frekari lendingarbætur í hverfinu. Samkvæmt áætlun vitamálastjóra kosta þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, um 150 þúsund krónur. Á fjárlögum fyrir árið 1945 hefur verið veitt nokkurt fé til þessara framkvæmda. Lög hafa hins vegar engin verið sett um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi. Virðist sjálfsagt, að úr því sé bætt nú, eftir að fé hefur verið veitt úr ríkissjóði til lendingarbóta í hverfinu og fyrirhugað er að halda því áfram, þar til ákveðnu verki er lokið, og er frumvarp þetta því frá horið.